

177.fundur fræðslunefndar haldinn í GSNB Ólafsvík kl. 20.10 þann 27.nóvember 2014.

Mætt Gunnar Ólafur Sigmarsdóttir, Örvar Marteinsson, Valentina Kay, Ingigerður Stefánsdóttir, Hermína K. Lárusdóttir, Steinunn Ingibjörnsdóttir, Magnús Jónsson og Sigurborg Jónsdóttir.

Fundarboð virðist hafa misfarist. Vafamál með lögmæti fundar en ákveðið að halda áfram með fundinn þar sem stjórnendur voru mættir.

Valentina – Tónlistarskóli

- 22. okt – 25.nów verkfall. Kjarasamning þarf að samþykkja fyrir 8.des 2014.
- Jólatónleikar falla niður. Full kennsla verður til 18.des.
- 9.des verður troðið upp á Jaðri.
- 10.des verður barnakórinn með tónleika í Ólafsvíkurkirkju.

Ingigerður, Hermína og Steinunn – Leikskólar

- Rætt um sameiningarmál leikskólanna.
- Nauðsynlegt að nefnd komi til starfa sem fyrst og mál komist á hreint.
- Rætt um könnun um sumarleyfistíma hjá foreldrum leikskólabarna. 49% svöruðu, kom í ljós að meirihluti vildi frí frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst.
- Rætt um mögulega íslensku kennslu f. foreldra leikskólabarna.

Magnús og Sigurborg – GSNB

- Rætt um ytra mat Námsmatsstofnunar sem verður 26.-30.janúar 2015. Fskj. 265.
- Samræmd próf, markmið náðust í 2 af 7 prófum. Íslensku í 10.bekk og stærðfræði í 4.bekk. Áhyggjuefni en þegar farið að vinna að viðbrögðum.
- Mikið um þung nemendamál á mið- og yngsta stigi. Mikið álag á starfsfólki.
- Fjölgun í skólanum á Lýsuhóli, óvænt og kallar á ákveðna endurskipulagningu.

Önnur mál

- Formaður sagði frá ráðstefnu sem hann sótti um innflytjendamál. Hann vonast til að haldið verði áfram að vinna með þann málflokk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.21.50